

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 215/2022

2023/EES/24/15

frá 8. júlí 2022

## um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/439 frá 20. október 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir tilgreiningu matsaðferðar sem lögbær yfirvöld eiga að fylgja við mat á hlítni lánastofnana og verðbréfafyrirtækja við kröfurnar um að nota innrimatsaðferð <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/676 frá 3. desember 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina skilyrðin fyrir gerð samstæðureikningskila í þeim tilvikum sem um getur í 3.–6. mgr. og 8. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar <sup>(2)</sup>.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 14azzb (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2160) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„14azzc. **32022 R 0439**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/439 frá 20. október 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir tilgreiningu matsaðferðar sem lögbær yfirvöld eiga að fylgja við mat á hlítni lánastofnana og verðbréfafyrirtækja við kröfurnar um að nota innrimatsaðferð (Stjtíð. ESB L 90, 18.3.2022, bls. 1).

14azzd. **32022 R 0676**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/676 frá 3. desember 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina skilyrðin fyrir gerð samstæðureikningskila í þeim tilvikum sem um getur í 3.–6. mgr. og 8. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar (Stjtíð. ESB L 123, 26.4.2022, bls. 1).“

*2. gr.*

Texti framseldra reglugerða (ESB) 2022/439 og (ESB) 2022/676, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. júlí 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 90, 18.3.2022, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 123, 26.4.2022, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kristján Andri Stefánsson***

formaður